

**Ed.**

**518. Nefndarálit**

[61. mál]

um frv. til laga um Fiskimálaráð.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Ég fæ ekki betur séð en Fiskimálaráð, sem gert er ráð fyrir að komi saman tvisvar á ári, hljóti samkvæmt hlutarins eðli að verða alger hégómastofnun og því verr farið en heima setið að fela henni hlutverk, sem heima eiga hjá stofnunum, sem reknar eru í fullri alvöru. Á ég þar fyrst og fremst við atvinnumálaráðuneytið og Fiskifélagið, en sumpart einnig ýmsa þá aðila, sem senda eiga fulltrúa á hið nýja skrafling. Ég legg til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 4. apríl 1968.

Pétur Benediktsson.